

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
108 Reykjavík

Reykjavík 9. janúar 2002

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. (Þskj. 28 – 28. mál)

Tillagan hljóðar svo:

“Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hrinda í framkvæmd frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri”.


Undirritaður vill gera grein fyrir því að hann starfaði sem yfirlæknir endurhæfingardeildar FSA frá stofnun hennar árið 1991 til ársins 1998, og telur sig því hafa góða innsýn í starfsemi deildarinnar.

Endurhæfingardeild FSA á Kristnesi hefur reynt þýðingarmikill hlekkur í endurhæfingarþjónustu á Íslandi, en þar er veitt víðtæk þverfagleg þjónusta við sjúklinga af Norður- og Austurlandi. Samstarf endurhæfingardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss á Grensá og endurhæfingardeildar FSA hefur verið gott og mun eflaust eflast á komandi árum. Á milli deildanna hefur ríkt góður skilningur á hlutverki hvorrar deildar um sig. Þessi munur felst m.a. í meiri sérhæfingu á LSH og í þjónustustigi, sem fyrst og fremst er miðuð við frumendurhæfingu sjúklinga á bráðadeildum spítalans. Endurhæfingardeild FSA hefur hins vegar leitast við að sinna sem flestum þörfum íbúa Norður- og Austurlands fyrir þverfaglega endurhæfingarþjónustu, og því þjónustað jöfnum höndum sjúklinga frá heilsugæslu og sjúkrahúsum. Þetta samræmist vel þeirri meginhugsun að endurhæfingu sé best fyrir komið nálægt þeim sem á þjónustunni þurfa að halda.

Framangreint fyrirkomulag hentar aðstæðum á Íslandi vel. Þannig hafa sjúklingar af Norður- og Austurlandi, sem hafa þurft sértæka endurhæfingarþjónustu á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, fengið hana þar, en framhaldsmeðferð þeirra hefur síðan verið í höndum endurhæfingardeildar FSA. Til þess að FSA geti sinnt vel endurhæfingarþjónustu á breiðum grundvelli þarf deildin hins vegar að ná tiltekinni lágmarksstærð hvað umfang starfsemi varðar. Undirrituðum hefur lengi verið ljóst núverandi umfang endurhæfingardeildar væri of lítið til þess að eðlileg þróun gæti átt sér stað í uppbyggingu innra starfs hennar. Jafnframt er ljóst að hvorki ríkir samkeppni eða skörun á starfsemi LSH og FSA á þessum vettvangi, miklu frekar má segja að deildirnar bæti hvor aðra upp með ólíkri starfsemi og samvinnu sín í milli.

Undirritaður styður þess vegna hugmyndir um frekari uppbyggingu endurhæfingar við FSA og gerir engar athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt,



Stefán Þingvason yfirlæknir,
sviðsstjóri endurhæfingarsviðs Landspítala - háskólasjúkrahúss